

Kópavogi, 15.02.18

Tilvísun: 2017-2893

**Efni fundar: Fundur með fagraði náms og gæðamats**  
**Fundarmenn: Andrea Anna Guðjónsdóttir, Fjóla Þorvaldsdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Jón Pétur Zimsen, Sigurgrímur Skúlason, Sverrir Óskarsson, Þóroddur Helgason**  
**Fjarverandi:**  
**Fundarritari: Nói Kristinsson**

**Dagskrá fundar:**

1. Heimsókn frá Assessment Systems
2. Lesferill
3. Skólagátt
4. Önnur mál

**Umræður og ákvarðanir:**

I byrjun fundarins var umræða um Pisa. Rætt var um áhuga nemenda á prófinu og þörfina fyrir að kynna betur prófið og tilgang þess. Fundarmenn ræddu ýmsar hliðar PISA. Nefnt að þar væri verið að nota gamlan hugbúnað og ekki er hægt að taka prófin á spjaldtölvu. Ýmsar umræður.

**Heimsókn frá Assessment Systems**

Sverrir sagði frá því að starfsmenn Assessment Systems (FastTest) kerfisins (prófa kerfisins sem við notum) hafi komið í heimsókn og skoðað aðstæður. Þeir fengu tækifæri til að prufa prófakerfið í raunverulegum aðstæðum með okkur í þremur skólum.

Ræddar voru tæknilegar hliðar í tengslum við komu þeirra. Hvernig ólík kerfi hafi verið prófuð og áhersla hefði verið á að koma Chromebook-tölvum í gagnid. Skólar geta notað Chromebook-tölvur að því gefnu að leyfi hafi verið sett upp á tölvunum.

Voru starfsmenn Assessment Systems einnig með fræðslu og upplýsingagjöf fyrir starfsmenn MMS.

Fjallað var um gerð prófatriða. Meiri fjölbreytni en áður í því hvernig próf eru gerð – hægt að draga efni á milli, fleiri möguleikar eru með myndir, þægilegra að vinna með

reiknivél og fleira. Prófafyrirtækið er ekki tilbúið með þessa möguleika en segja að þeir séu að þróa nýjar útfærslur.

Verið er að klára uppsetningu samræmdu könnunarprófanna og er bent á að 21. febrúar lýkur skráningu fyrir sérúrræði. Umræður um viðbrögð við því þegar beiðnir koma um að setja nemendur inn með sérúrræði eftir 21. febrúar. Það fylgja því tæknileg vandamál og auknar líkur eru á mistökum þegar beiðnir eru skráðar eftir að frestur rennur út. Ákjósanlegt væri að það væri hægt að hafa sérúrræði í öllum prófum, þ.e. hljóðskrár fyrir alla en því fylgja sömuleiðis tæknilegar áskoranir sem fyrst þarf að skoða.

Nefnt að þetta væri rafrænt kerfi og alltaf hætta á tæknilegum vandamálum.

### **Þjóðarsáttmáli um læsi**

Fulltrúi úr læsisteymi fjallaði um Lesferil en þar er fjöldi lausna þegar tilbúinn. Verið er að koma sumum prófanna í Skólagáttina (Orðarún, Orðalykill, HLJÓM-2, Lesmál, Stafsetning/réttritun, Lesskilningur á unglingastigi.)

*Lesfimiprófin* eru lögð fyrir þrisvar á ári.

Hönnuð fyrir hinn almenna kennara. Niðurstöður birtast rafrænt í Skólagáttinni. Kennurum er gert kleift að nálgast prófin, leggja þau fyrir á tilteknu tímabili og vinna úr gögnunum. Orðarún, orðalykill, lesmál og HLJÓM-2 eru öll tilbúin, öll stöðluð og öll í notkun. Forritunarvinnan við að koma þessu inn í kerfið er þó eftir en verið er að vinna að því.

Umræða fór af stað um HLJÓM-2 prófin sem eru gerð á elstu börnunum í leikskóla. Spurningum velt upp og umræða um hversu algengt sé að niðurstöður prófanna séu notaðar í grunnskóla?

Eitt af markmiðum Skólagáttarinnar er einmitt að skapa sameiginlegan vettvang og auka samtál milli deilda/stiga/skóla með því að tengja saman próf og ferla.

Markmiðið er að endurstaðla HLJÓM-2 svo það passi betur við próf úr fyrstu stigum grunnskólans og skapa með því flæði milli skólastiga.

*Núverandi staða Lesferils:*

Próf í stafsetningu og rétttritun eru í vinnslu og þróun og verða í Lesferli. Þau munu verða lögð fyrir tvisvar á ári. Ritunarprófið er í vinnslu í samráði við ólíka hópa og stofnanir.

Markmiðið með því að setja inn niðurstöður úr Lesferli og samræmdu könnunarprófunum í Skólagátt er að hægt sé að nýta þær til stuðnings við starfið í skólunum og auðvelda stjórnendum og kennurum endurgjöf til sinna nemenda.

Frá sjónarmiði nýju persónuverndarlaganna stendur Skólagáttin vel því aðeins skólastjórar fá aðgang að gáttinni og þeir stýra svo sínum skólaaðgangi.

Rætt um að vandamál í tengslum við lesfimiprófin, þar sem sérkennarar hafi verið að leggja prófin fyrir í einhverjum skólum og niðurstöður ekki að skila sér til kennara.



## MENNTAMÁLASTOFNUN

Eftir hvert lesfimiþróf kemur út skýrsla. Mikið af jákvæðum viðbrögðum hafa komið frá kennarastéttinni og hafa prentvænu einkunnablöðin vakið mikil og jákvæð viðbrögð.

Fjallað um samstarf RÚV og MMS er lýtur að því að ná til barna sem almennt hefur ekki náðst til.

Margt að gerast í tengslum við læsi, sýnileiki er að aukast með samstarfi á ólíkum stigum og þáttum. Gott samstarf margra aðila hefur skilað sér í eflingu læsis.

*Markviss málörvun* var endurútgefin í rafrænu formi fyrir alla leikskóla. Námsefnispakki, í samstarfi við Lions, verður gefinn öllum leikskólum.

Læsisteymið er að fara í gegnum heildarendurmat og stefnumörkun er mjög góð í verkefninu.

Kallað hefur verið eftir aukinni ráðgjöf í skólasamfélaginu, sér í lagi hagnýtri ráðgjöf. Ráðgjöfin er í stöðugri endurskoðun og er verið að nýta endurgjöf frá skólunum.

### **Þarf að skoða:**

Upp komu vangaveltur um hvort skoða ætti nýja námsmátið, hvort það sé að skila einhverju? Eins varðandi upplýsingaflæði um einkunnagjöfina og merkingu einkunna, hvort mögulega sé skortur þar á.

Umræður um aðalnámskrá. Rætt um ritun og þá staðreynd að hún er ekki inni í samræmdum könnunarþrófum og endurspegla könnunarþrófin þar af leiðandi ekki markmið aðalnámskrárinnar hvað ritun varðar.

Endurskoða þarf matsviðmið í náttúrufræði og samfélagsfræði en fundarmenn eru sammála um að þeim sé ábótavant.

Koma þarf upplýsingum um Lesferilinn til foreldra barna sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Fundi slitið.

Næsti fundur áætlaður fyrir lok árs.

### **Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara:**